



**Byggðaráð Blönduósbæjar - 90. fundur byggðaráðs Blönduósbæjar  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 27. júní 2017  
og hófst kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður, Zophonías Ari Lárusson, varaformaður, Hörður Ríkharðsson, aðalmaður og Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar

**Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit Blönduósbæjar - 1508019**

Rekstraryfirlit Blönduósbæjar fyrstu 4 mánuði ársins 2017

*Rekstraryfirlit Blönduósbæjar fyrstu 4 mánuði ársins 2017 lagt fram til kynningar.*

**2. Framkvæmdir við Blönduskóla - 1511002**

Kostnaðaráætlun vegna viðgerða og málningarvinnu

*Ágúst Þór Bragason yfirmaður tæknideidar mætti á fundinn undir þessum lið. Ágúst Þór kynnti kostnaðaráætlun vegna viðgerða og málningarvinnu við Blönduskóla.*

*Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmda við Blönduskóla er 11,9 m.kr.*

*Byggðaráð samþykkir og staðfestir viðauka við fjárhagsáætlun að upphæð 3,8 m.kr. og er því mætt með eigið fé til að mæta auknum kostnaði við framkvæmdina miðað við fjárhagsáætlun 2017.*

**3. Veidifélag Blöndu og Svartár - fundargerð 14. júní 2017 - 1706017**

*Byggðaráð lýsir furðu yfir því að lögvarin réttindi Blönduósbæjar, hvað varðar atkvæðisrétt sveitarfélagsins í veiðifélagi Blöndu og Svartár, skulu fyrir borð borin ofan í æ á vettvangi Veiðifélags Blöndu og Svartár og áskilur sér allan rétt til að láta stjórn Veiðifélagsins axla ábyrgð á þeim gjörningi.*

*Fundargerð veiðifélags Blöndu og Svartár lögð fram til kynningar.*

**4. Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún - fundargerð frá 9. mars 2017 - 1706020**

*Ágúst Þór Bragason mætti undir þessum lið og gerði grein fyrir framkvæmdum við Árbraut 33.*

*Fundargerð Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A - hún lögð fram til kynningar.*

**5. Skipulagsfulltrúi - 1706019**

Auglýst staða skipulagsfulltrúa.



*Byggðaráð samþykkir að auglýsa eftir umsækjendum í starf skipulagsfulltrúa.*

### 6. Blöndubrú - 1706018

*Byggðaráð Blönduósbæjar skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn í áframhaldandi framkvæmdir við Blöndubrú og Þjóðveg 1 í gegnum Blönduós sem og birtist í tillögu að langtímaáætlun samgönguáætlunar í árslok 2016.*

*Umferðin um Blönduós hefur aukist til muna undanfarin ár. Íbúar og bæjarfulltrúar hafa um árabil barist fyrir lagfæringum á Blöndubrú sem hafa farið af stað en er ekki enn lokið. Mikilvægur þáttur í framkvæmdinni er að tryggja öryggi gangandi vegfarenda með að byggja göngubrú yfir Blöndu.*

### 7. Trúnaðarmál - 1612002

*Afgreiðsla færð í trúnaðarbók.*

*Hörður Ríkharðsson leggur fram eftirfarandi bókun:*

*Leikskólastjóri Barnabæjar sótti þann 21. maí um leyfi frá störfum í eitt ár. Þann 27. Júní er málið kynnt og tekið til afgreiðslu í Byggðaráði. Óskiljanlegt er að ekki skuli vera búið að taka þetta mál fyrir og vinna í þeim þáttum sem það felur í sér.*

### 8. Önnur mál - 1510017

*Engin önnur mál.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:35**

---

Guðmundur Haukur Jakobsson

---

Zophonías Ari Lárusson

---

Hörður Ríkharðsson

---

Arnar Þór Sævarsson

---